



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER  
HÖFÐATORGI

14. SEP. 2018

Málsnr.:

FS 2018090096

Bréfalykill:

5.1

Reykjavík, 12. september 2018

R18090043

HBL/bp

145. fundur

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

### **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að auka niðurgreiðslur til dagforeldra um 25%**

Á fundi borgarstjórnar þann 4. september 2018 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að niðurgreiðslur til dagforeldra hækki í áföngum þannig að kostnaður foreldra sem vista börn sín hjá dagforeldrum færist nær þeim kostnaði sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Í fyrsta áfanga hækki niðurgreiðslurnar um 25% eða um 13.768 kr. a mánuði. Næsti áfangi verði til skoðunar eigi síðar en í ágúst 2019. Samhliða verði skoðaður möguleiki á þjónustusamningi milli dagforeldra og Reykjavíkurborgar, í samráði við félög dagforeldra.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða tillögu sem starfshópur um eflingu dagforeldarþjónustu lagði fram í skýrslu sinni í maí síðastliðnum. Skóla- og frístundaráð fól þá sviðsstjóra að vinna innleiðingaráætlun með forgangsröðun og kostnaðarmati og er vinna við hana á lokastigi. Hún verður lögð fyrir ráðið síðar í september.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að gætt sé jafnræðis milli barna sem eru í leikskólum annars vegar og hjá dagforeldrum hins vegar. Hefur Sjálfstæðisflokkurinn því það að langtímamarkmið að niðurgreiðslur til dagforeldra verði hækkaðar í áföngum svo kostnaður foreldra barna hjá dagforeldrum verði til samræmis við þau gjöld sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Pláss á ungbarnaleikskólum eru takmörkuð gæði í Reykjavík og eiga foreldrar ungbarna því almennt erfitt með að fá pláss á leikskólum borgarinnar eftir að fæðingarorlofi sleppir. Eins hefur dagforeldrum fækkað um 30% í borginni á síðustu árum. Telur Sjálfstæðisflokkur því rétt að styðja betur við dagforeldrastéttina svo unnt verði að leiðrétta þennan halla. Við teljum mikilvægt að foreldrum sé boðið frelsi og val um daggæslukosti svo mæta

megi ólíkum þörfum. Borgarstjórn samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til skóla- og frístundaráðs til meðferðar.

Helga Björk Laxdal

e.u.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helga Björk Laxdal', written in a cursive style.